

**FORSÆTISNEFND 15. mars 2024: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir gegn mansali – MSS24030088**

Forsætisnefnd samþykkir að settur verði á laggirnar stýrihópur sem skoði leiðir og komi með tillögur til að bregðast við mansali og koma í veg fyrir það. Stýrihópurinn samanstandi af þremur kjörnum fulltrúum og kalli til sín til samstarfs og ráðgjafar fulltrúa ferðapjónustunnar, verkalýðsfélaga, lögreglu, fulltrúa skrifstofu borgarstjórnar og mannauðsstjóra Reykjavíkurborgar.